

## Viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra um opinbera birtingu viðurlaga samkvæmt lögum nr. 140/2018 og lögum nr. 68/2023.

### 1. gr.

#### *Birting stjórnsluviðurlaga.*

Samkvæmt 53. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og 36. gr. laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna skal birta opinberlega á vefsíðu Skattsins öll stjórnsluviðurlög, sem ákveðin eru í samræmi við 46.–47. gr. og 50. gr. laga nr. 140/2018 og 30.–31. gr. laga nr. 68/2023.

### 2. gr.

#### *Tilgangur birtingar.*

Tilgangur með birtingu er að upplýsa um stjórnsluframkvæmd við beitingu stjórnsluviðurlaga og auka þannig á gagnsæi. Þá er birtingu á ákvörðunum ætlað að hafa almenn varnaðaráhrif, ásamt því að tryggja sérstök varnaðaráhrif, þar á meðal m.t.t. áhrifa á orðspor og trúverðugleika þeirra sem gerst hafa brotlegir.

Birting stjórnsluviðurlaga hefur jafnframt að markmiði að þeir aðilar sem lúta eftirliti ríkisskattstjóra yfirfari starfshætti sína með hliðsjón af birtum ákvörðunum, eftir því sem við á.

### 3. gr.

#### *Mat á birtingu.*

Ákvarðanir í málum þar sem viðurlögum, sbr. 1. gr., hefur verið beitt skulu almennt birtar nema slíkt sé ekki talið samræmast tilgangi 53. gr. laga nr. 140/2018 og/eða 36. gr. laga nr. 68/2023.

### 4. gr.

#### *Efni birtingar.*

Við birtingu ákvörðunar skal jafnan tilgreina að lágmarki eftirfarandi upplýsingar:

- a. nafn þess aðila sem viðurlagaákvörðun beinist að,
- b. forsendur þess að starfsemi aðila teljist falla undir gildissvið laga nr. 140/2018 og/eða laga nr. 68/2023,
- c. tegund og eðli brots og
- d. tegund og umfang viðurlaga.

### 5. gr.

#### *Réttur til að koma að sjónarmiðum.*

Þegar ákvörðun viðurlaga er boðuð skal samhliða kynna aðila fyrirhugaða birtingu þeirra og vekja athygli hans á stefnu þessari.

Telji aðili að birting viðurlaga valdi tjóni sem ekki sé í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir, þannig að takmarka beri birtinguna í heild eða að hluta, skal hann sýna fram á líklegt tjón sem birting kunni að valda með skriflegum og rökstuddum hætti.

Ríkisskattstjóri skal taka afstöðu til framkominna sjónarmiða aðila um takmörkun á birtingu.

Meta skal hvort vegi þyngra, hagsmunir hlutaðeigandi aðila af því að ákvörðun um viðurlög verði ekki birt eða almennings og viðskiptalífsins af birtingu ákvörðunar. Sé fallist á sjónarmið aðila um takmarkanir á birtingu skal gera viðeigandi breytingar þannig að auðkennandi atriði um aðila komi ekki fram í birtri ákvörðun.

6. gr.

*Tímasetning birtingar.*

Birting skal fara fram eins fljótt og unnt er eftir að brotlegum aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðun um viðurlög eða eftir að sátt er undirrituð.

Heimilt er þó að fresta birtingu að nokkru eða öllu leyti, ef talið er að það tjón sem birting myndi valda hlutaðeigandi aðila sé ekki í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir eða birtingin telst stefna rannsóknarhagsmunum í hættu. Við slíkar aðstæður getur embættið valið um eftirfarandi leiðir:

- a. Birta upplýsingar um beitingu viðurlaga en fresta nafngreiningu aðila á meðan aðstæður sem undanþiggja slíka birtingu eru taldar til staðar, eða
- b. fresta birtingu þar til umræddar aðstæður teljast ekki vera lengur til staðar.

7. gr.

*Tímalengd birtingar.*

Upplýsingar, sem eru birtar samkvæmt 53. gr. laga nr. 140/2018 og/eða 36. gr. laga nr. 68/2023, skulu vera aðgengilegar á vefsíðu Skattsins í að lágmarki fimm ár.

Afmá skal persónuupplýsingar ef birting þeirra þykir ekki samræmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

8. gr.

*Birting upplýsinga í tilefni málskots.*

Tilgreina skal á vefsíðu embættisins hafi mál verið höfðað til ógildingar ákvörðunar og birta upplýsingar um niðurstöðu málsins þegar hún liggur fyrir.

9. gr.

*Gildistaka.*

Stefna þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 140/2018 og 36. gr. laga nr. 68/2023 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma stefna ríkisskattstjóra um opinbera birtingu stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt reglum nr. 1131/2020.

Reykjavík, 6. janúar 2025.

  
Snorri Olsen  
ríkisskattstjóri

